

Fundur í skólanefnd

22. maí 2015 kl. 16:00 -17:00

Mættir voru:	Erna, Dóra, Halldór, Halldóra, Herdís, Kristján, Trausti, Unnur, Valdimar og Porkell
Fundarstjóri:	Erna
Fundarritari:	Herdís

Efnt var til fundar í skólanefnd til þess að ræða við Kristján Þór Magnússon, sveitarstjóra Norðurlands, um viðbrögð við hugmyndum mennta- og menningarmálaráðuneytis um samstarf eða sameiningu framhaldsskóla á Norðurlandi eystra.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík fagnar frétt RÚV frá því fyrr í dag, 22.5.2015, þar sem sagt er að sameining framhaldsskóla á Norðausturlandi sé ekki á dagskrá og að engin ákvörðun hafi verið tekin í þeim efnum. Að mati skólanefndarinnar eiga markmiðin framundan að snúast um að tryggja nemendum, og tilvonandi nemendum skólans, fjölbreytt og öflugt nám, að tryggja sjálfræði og sjálfstæði stofnunarinnar á sama tíma og rammi verði settur utan um virkari samvinnu milli framhaldsskóla innan svæðisins.

Byggðapróun í héraðinu hefur verið með þeim hætti undanfarin ár að nemendafæð hefur orðið veruleg áhrif á bolmagn skólans til að halda úti fjölbreyttu námi. Við þessari stöðu þarf að bregðast en leiðin sem valin verður til þess þarf að hafa ofangreind markmið að leiðarljósi. Það verður hins vegar að viðurkenna þá staðreynd að smærri skólar eru og verða hlutfallslega dýrari rekstrareiningar en þeir stærri og óraunhæft er að gera sömu hagkvæmnikröfur á alla skóla óháð stærð. Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík telur aukið samstarf og samvinnu skóla af hinu góða sé gengið út frá því að leiðarljósið verði efling námsins en ekki fjárhagsleg skerðing stofnunarinnar. Skólanefndin er reiðubúin til að takast á við verkefni framundan en á ofangreindum forsendum.

Fleira var ekki rætt,
Fundi slitið.